

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ökuskirteini, nr. 830/2011.

1. gr.

Í stað „65“ í b-lið 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur: 75.

2. gr.

Á eftir 1. másl. 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Endurmenntun skal þá lokið að nýju fyrir næstu endurnýjun.

3. gr.

2. mgr. a-liðar 18. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Umsækjandi skal hafa staðist verklegt próf áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því hann stóðst bóklegt próf.

4. gr.

Í stað orðanna „einn mánuð eftir að skilyrðum um fasta búsetu er fullnægt“ í 2. mgr. 29. gr. reglugerðarinnar kemur: 12 mánuði.

5. gr.

Á eftir 3. mgr. 40. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi, og breytist röð annarra málsgreina samkvæmt því: Starfsleyfi skal gilda í fimm ár.

6. gr.

Orðin „Í sjálfskiptri kennslubifreið skal í stað fótstigs fyrir kúplingu vera gírstöng eða annar slíkur búnaður sem er komið þannig fyrir að ökukennari geti rofið aflrás.“ í 3. mgr. 2. tölul. IV. viðauka við reglugerðina falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á VIII. viðauka reglugerðarinnar:

a. Í stað orðanna „persónu- eða atvinnutengsla eða“ í 2. mgr. kemur: persónu- og atvinnutengsla, eða.

b. 3. mgr. fellur brott.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 58. gr., 62. gr. og 64. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 11. maí 2026.

Eyjólfur Ármannsson.

Ingilín Kristmannsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 28. maí 2026